

# Stjórnarfundur hjá Félagi hrossabænda

20.07.2014 kl. 20. – Símafundur.

Pátttakendur voru: Sveinn Steinarsson formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Vignir Sigurðsson gjaldkeri, Magnús Jósefsson ritari og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri, sem jafnframt ritar fundargerð. Eysteinn Leifsson boðaði forföll.

Sveinn setti fundinn og gengið var til dagskrár.

## **Umræða um nýliðið landsmót. Hvað var gott og hvað lakara?**

Ýmsir punktar komu fram og voru fundarmenn sammála um að endurskoða þurfi fyrirkomulag landsmóta. Fjöldi hrossa of mikill, mótið verður eins og stór vinnusýning í stað þess að vera „show“ þar sem hápunktar skipta mestu.

Hestakosturinn var frábær og fundarmenn sammála um að vel hafi tekist að spila úr mótinu miðað við erfiðar aðstæður vegna veðurs. Starfsfólk og knapar eiga þakkir skilið og verðum þeim þökkum komið á framfæri. Vellir stóðust einnig mikið álag.

Hulda sagði sína skoðun vera að einfalda þyrfti og léttu dagskránnu þannig að þau hross sem komi fram njóti sín og fái fulla athygli, en tími gefist fyrir mannamót og viðskipti einnig. Veðrið er stór áhættuþáttur og kostnaður við hvern auka vinnudag mikill, því mikilvægt að reyna að stytta og léttu mótin.

Vignir bætti við að sem gestur á tjaldsstæði fannst honum vanta upp á aðstöðuna þar, hvorki sturtur né vaskar þar sem hægt var að skola af leirtaui eða annað slíkt. Fjöldi gesta þarf að nýta sér tjaldstæðið og þá verður sú aðstaða að vera boðleg.

## **Hvernig náum við að virkja félagsmenn okkar inn í þessa umræðu?**

Rætt um hvernig hægt væri að ná fram skipulegri umræðu á meðal félagsmanna um landsmótin og hugsanlegar breytingar þar á. Sigbjörn lagði til að stjórn myndi setja hugmyndir niður á blað og senda til deildanna til úrvinnslu. Æskilegt væri að stjórn héldi „hugmyndaflugs“ fund um málið sem fyrst.

Fundarmenn sammála um þetta og stefna að slíkum fundi.

Sveinn bætti einnig við að spurningunni um það hvort Fhb ætlar að taka yfir hlut Bí í landsmóti er enn ósvarað. Hvað kemur út úr því getur haft mikið að segja um vægi félagsins í framtíðar ákvarðanatöku og mótun sýnar á LM.

Sigbjörn velti fram hugmyndum um hvernig gera mætti LM að meira „showi“. Minnti á að fyrst var byggingardómum hætt á LM, er nú kominn tími til að hætta með hæfileikadóma og hafa bara yfirlit, jafnvel tvö rennsli í yfirliti?

Sveinn sagði allt undir og málið snérist um að straumlínulaga viðburðinn svo úr yrðu hápunktar, ekki vinnuvika.

## **Hestatorgið - Hulda rakti hvernig til tókst og fór yfir kostnað.**

Torgið var sjálfstandandi og þar lá fram kynningarefni frá hrossabændum og Hólaskóla. Allt efni sem Fhb var með gekk út og töluvert mikið af efni einstakra félagsmanna líka. Lélegt netsamband hafði áhrif á sýningar á reiðtúravefnum, en stundum gekk tölvan vel og þá voru margir sem höfðu gaman af því að „bregða sér á bak.“

Sveinn sagði hugmyndina að baki Hestatorginu góða og henni yrði að halda betur að félagsmönnum og deildunum. Í verkefninu lægju heilmikil tækifæri.

Sigbjörn sagðist vilja vinna úr Hestatorginu þannig að það yrði þróað yfir í ræktunarpörp eða alla vega samhliða þeirri hugmynd. Búa til "réttir" þar sem fólk gæti safnast saman og kynnt sér íslenska ræktun. Ræktunargeirinn, einstaklingar eða félagasamtök þurfa að nýta sér þetta. Hulda sagði 9,5-10 diskinn hafa vakið mikla athygli eins og svo oft áður og kannski spurning hvort stjórn ætti að skoða það að gefa hann út eða fjölfalda til dreifingar.

#### **Aðalfundur 2014. Stund, staður og fyrirkomulag.**

Sveinn sagðist hafa rætt við formann LH og verið er að skoða hvort aðalfundur og fagráðs ráðstefna ættu að vera á sömu helgi og uppskeruhátíð hestamanna. Ekki er búið að finna sal eða veitingaaðila fyrir viðburðinn en unnið er í málinu og ætlar Sveinn að funda með fulltrúum LH í vikunni.

#### **Sýning í USA – Equine Affaire**

Rætt um hvort félagið eigi að halda kynningarstarfi sínu á Equine Affaire áfram í haust, en sýningin fer fram um miðjan nóvember. Sigbjörn lagði áherslu á að starfinu yrði haldið áfram og sagðist finna fyrir því að markaðsstarf í USA, ekki síst það mikla starf sem Guðmar Þór Pétursson hefur sinnt í gegnum tíðina, væri að skila sér núna. Sagði vaxandi traffík af Bandaríkjamönnum hér, í bæði hestaferðum og hestakaupum. Hulda sagði aðkomu Fhb mjög mikilvæga, en hún mun setja saman greinargerð fyrir stjórnarmenn fyrir næsta fund og senda þeim til skoðunar svo ákveða megi hvort Fhb tekur þátt í ár. Sveinn sagði einnig æskilegt að stjórn myndi draga saman fyrir aðalfundinn hvar við viljum bera niður í sýningarmálum á næsta ári.

#### **Fundardagur í ágúst - 7. ágúst.**

Ætti að ganga fyrir flesta, miðað er við þann dag en staðfestist eftir verslunarmannahelgi.

#### **Önnur mál.**

Sveinn velti því fyrir sér hvort hann og framkvæmdastjóri ættu að hitta formann BÍ aftur og fara yfir LM mál og erindi BÍ varðandi hugsanleg kaup Fhb á hlut BÍ í Landsmóti ehf. Sigbjörn benti á að lagaleg ábyrgð hrossaræktargeirans liggur hjá BÍ þannig að þeir komast aldrei frá því, sama þó þeir vilji losna út úr þessu einkahlutfélagi.

Hulda lagði til að Sindri yrði fenginn til að koma á stjórnarfundinn í ágúst. Ef hann kemst ekki á þann fund myndu formaður og framkvæmdastjóri funda með honum við annað tækifæri.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 21:15.

HGG/hgg